

13. Janúar 2022



Sent á nefndasvið@althingi.is  
Mál nr. 543. mál á 151. þingi - velferð dýra.

**Umsögn Samtaka grænkerana á Íslandi vegna 543. másl á 151. þingi - velferð dýra.  
(Bann við blóðmerahaldi)**

Samtök grænkerana á Íslandi styðja frumvarp þess efnis að blóðmerahald verði með öllu bannað.

Mikil umræða hefur átt sér stað í samfélaginu um ágalla iðnaðarins. Fram að því hafði lítið verið rætt um starfsemina opinberlega og lítil vitneskja í samfélaginu um hvað á sér raunverulega stað í þessum iðnaði.

Samtök grænkerana harma það dýraníð sem sést hefur á upptökum erlendra dýraverndarsamtaka að eigi sér stað við blóðtöku. Við teljum að þessi iðnaður sé smánarblettur á íslensku samfélagi. PMSG/eCG hormónið sem fæst við blóðtöku fyllfullra hrossa er fyrst og fremst notað í þaueldi svína, til þess að gyltur gjóti sem flestum grísnum með eins stuttu tímabili og hægt er, í þeim tilgangi að auka framleiðni á svínakjöti. Blóðmerahald ógnar því bæði velferð hesta og svína.

Nú þegar eru 5.400 blóðmerar á Íslandi. Flest ríki hafa bannað þennan iðnað og það er góð ástæða fyrir því, þetta þykir óafsakanleg meðferð á dýrum. Það eru einungis 5 ríki í heiminum sem leyfa þetta og það er í skoðun hjá Evrópuþinginu að banna innflutning á hormóninu til ríkja Evrópusambandsins vegna þess að notkun þess í svínaeldi brýtur í bága við lög um dýravelferð.

Það er ljóst að þegar kemur að blóðmeraiðnaði eins og öðru dýraeldi þá er nær ógerlegt fyrir MAST að sinna reglulegu eftirliti nú þegar og óafsakanlegt að leggja það á fleiri dýr að vera sett í þessar óöruggu aðstæður.

Ísteka sótti nýlega um leyfi til að framleiða enn meira af PMSG/eCG lyfjaefni og við sendum umsögn á UST þar sem við leggjumst gegn því. Á bak við þau 20 kg af lyfjaefni sem Ísteka sækist eftir að framleiða gætu orðið allt að 20.000 hryssur og frá þeim yrðu tekin 20.000 folöld árlega.

Iðnaður á borð við blóðmerahald gjaldfellir gjörsamlega lög okkar um velferð dýra (lög nr. 55/2013) og okkur þykir tímabært og mikilvægt að uppfæra þau lög með banni við blóðmerahaldi.

**Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir og Valgerður Árnadóttir formaður**

**fh. Samtaka grænkera á Íslandi**